

Nefndasvið Alþingis  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík

Akureyri, 5. nóvember, 2007

**Efni: Umsögn Norðurlandsskóga um frumvarp til laga um breytingu á ýmsum lögum vegna tilfærslu verkefna innan Stjórnarráðs Íslands. (Þingsj. 131-130. mál)**

Gerð er athugasemd við 5. þátt frumvarpsins sem kveður á um breytingar vegna flutnings landgræðslu og skógræktar til umhverfisráðuneytis.

Í athugasemdum við lagafrumvarpið segir að ákveðið hafi verið að fara heildstætt yfir verkaskiptingu milli ráðuneyta með það fyrir augum að hagræða, einfalda stjórnsýslu og skipa skyldum málaflokkum undir eina stjórn.

Ekki verður séð að það markmið frumvarpsins nái fram að ganga með þeim hætti að kljúfa málaflokkinn skógrækt niður í tvö ráðuneyti. Heppilegra hefði verið að Skógrækt ríkisins hefði verið vistuð áfram í landbúnaðarráðuneyti.


Norðurlandsskógar taka skýrt fram að við teljum það rökréttast að landshlutaverkefni verði áfram á hendi landbúnaðarráðuneytisins, þau hafa frá upphafi verið verkefni bænda sem hafa það að meginmarkmiði að byggja upp skógarauðlind og skapa atvinnu í dreifbýli en með ræktun nytjaskóga eru verkefni að stuðla að þróun og viðhaldi byggðar á starfsvæðum sínum. Þannig eru verkefni allt í senn atvinnu-, byggða- og skógræktarverkefni.

Frumvarpið gerir ráð fyrir breytingum varðandi rannsóknarstöð Skógræktar ríkisins þannig að fjármunir til hagnýtra rannsóknarverkefna verði áfram hjá sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneyti og gerður verði samningur um rannsóknir til þriggja ára í samráði við Bændasamtök Íslands. Norðurlandsskógar leggja til að í stað þess verði fjármagnið látið fylgja stofnunni og myndað verði rannsóknarráð sem aðild ættu að hagsmunaaðilar svo sem landshlutaverkefni í skógrækt, sem standa fyrir um 80% allrar nýskógræktar í landinu, Landssamtök skógareigenda og Skógræktarfélag Íslands.

Norðurlandsskógar benda einnig á að í lögum um landshlutaverkefni í skógrækt (95/2006) þyrfti að gera breytingar þannig að í stað landbúnaðarráðherra og landbúnaðarráðuneytis kæmi sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra og sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneyti.

Einnig er eðlilegt að ákvæði um nytjaskógrækt í 24. grein skógræktarlaga verði felld niður í stað þeirra breytinga sem lagðar eru til í 5. þætti XVII 25. gr. þar sem þessi grein úreltist með tilkomu landshlutaverkefnanna í skógrækt sem nú sinna þessu hlutverki.

F. h. Norðurlandsskóga



Valgerður Jónsdóttir  
Frákvæmdastjóri

